



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Umhverfisnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1609
komudagur 18.2.2013

Reykjavík 16. febrúar 2013

Frumvarp til laga um náttúruvernd

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Íslands fagnar framkomnu frumvarpi til laga um náttúruvernd. Brýnt var orðið að endurskoða gildandi lög og færa lagaákvæði um náttúruvernd í nútímahorf.¹ Munar þar mestu um að frumvarpið kveður á um innleiðingu á meginreglum umhverfisréttarins, t.d. varúðarreglunni og greiðslureglunni (sjá Kafla II).

Íslendingar mega ekki verða eftirbátar annarra þjóða í þessum efnum enda hljóta meginreglur umhverfisréttarins að vera forsenda hins græna hagkerfis. Náttúruverndarsamtök Íslands.

Í frumvarpinu er tekið sérstaklega á innflutningi og dreifingu framandi lífvera og skerpt á reglum um akstur utan vega og kveðið á um gerð kortagrunns, sem eyði óvissu um hvar má aka.

Frumvarpið er seint fram komið en það byggir á *Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands* sem kom út 2011 og rædd var í þáula á umhverfisþingi sama ár. *Hvítbókin* byggði á vinnu fjölda sérfræðinga um náttúru landsins, auk fulltrúa almennasamtaka. Aldrei áður hefur verið gerð jafn ítarleg greining á íslensku náttúrufari, sérkennum þess og hvernig unnt sé að tryggja verndun náttúru landsins betur með nýrri og öflugri löggjöf. Aðkoma almennings að gerð þessa frumvarps og meiri en áður hefur þekkt.

¹ Við samningu frumvarpsins hefur verið litið til norrænnar löggjafar um náttúruvernd, ekki síst nýlegra norskra laga um fjölbreytni náttúrunnar, nr. 100/2009.

Náttúruverndarsamtök Íslands skora á Alþingi að tryggja framgang þessa frumvarps.

Greinargerð

Markmiðsákvæði frumvarpsins eru mun skýrari og ganga lengra en markmiðsákvæði í nágildandi lögum og þá er í frumvarpinu ákvæði um náttúruverndarsjóð til að standa straum af kostnaði vegna umönnununar

... friðaðra og friðlýstra náttúruminja og auka fræðslu um náttúruvernd og náttúrufar.

Stofnun náttúruverndarsjóðs til slíkra verkefna er mjög þarft verkefni. Ferðamönnum fjölgar ár frá ári og því brýnt að tryggt verði að ekki verði gengið á auðlindina.

Í frumvarpinu er tekið mið af alþjóðlegum skuldbindinga Íslands í samræmi við Samninginn um líffræðilega fjölbreytni svo sem CITES-samningnum um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, tilskipunum ESB sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, Bernarsamningnum, Ramsarsamningnum um verndun alþjóðlega mikilvægs votlendis og – sem er Náttúruverndarsamtökum Íslands sérstakt fagnaðarefni – Árósasamningnum.

Nágildandi lög er um margt bitlaus og efnisákvæði þess veik. Hið nýja frumvarp bætir töluvert úr og veitir ráðherra t.d. heimild til, að

að kveða á um tímabundið bann við framkvæmdum eða nýtingu sem skaðað getur verndargildi náttúruminja sem teknar eru á framkvæmdaáætlun (B-hluta). Bannið gildir þar til auglýsing um friðlýsingu eða friðun hefur verið birt en verði ekki af friðlýsingu eða friðun innan fimm ára fellur það niður.

Þá eru ákvæði í frumvarpinu er heimila stjórnvöldum að bregðast við brotum gegn ákvæðum laga og reglna, ekki síst með beitingu þvingunarúrræða. Hingað til hafa yfirvöld staðið úrræðalaus þegar brotið er gegn náttúruverndarlöggjöfinni.

Náttúruverndarsamtökin gagnrýna að í frumvarpinu er ekki tekið á beit á afréttum sem ekki þola nokkra beit, auðnum og rofsvæðum. Gott dæmi


afrétti eru afréttir í nágrenni Heklu og Kötlu, t.d. Rangárvallar afréttur og Landmannafréttur.

Ákvæði um friðlýsingar eru færð nær flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (International Union for Conservation of Nature, IUCN). Nánari samræming tryggir betur að ferðaþjónustuaðilar og erlendir ferðamenn viti hvers konar friðlýsing sé í gildi á hverjum stað. Jafnframt er flokkum friðlýsinga fjölgað, t.d. verður unnt að friðlýsa svæði á hafsbótunum í samræmi við skuldbindingar Íslands um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Almannaréttur er styrktur og Umhverfisstofnun veitt heimild til að bregðast við ef för gangandi fólks er hindruð með ólögmætum hætti. Vert er að taka fram að ólíkir ferðamátar hafa mismunandi áhrif á náttúruna og því eðlilegt að mismunandi ákvæði eigi við um ólíka ferðamáta. Vaxandi umferð vélknúinna ökutækja er veruleg ógn við öræfanáttúru hálendisins og væntanlega erum allir sammála um að akstur utan vega skemmir og/eða eyðileggur ásýnd lands, jarðmyndanir og gróður. Ekki verður heldur deilt um að umferð vélknúinna ökutækja veldur hávaða sem rýfur þá kyrrð öræfanna sem margir eru að sækjast eftir. Það er hinn sameiginlegi vandi allra þeirra sem vilja stuðla að góðri umgengndi við landið og í þeim efnum er frumvarpið stórt skref framrávið.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson.